



Alþingi
Erindi nr. P 135/775
komudagur 4.12.2007

Félag starfsmanna Alþingis

Reykjavík 4. desember 2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Frumvarp til laga um kjararáð

Með bréfi dagsettu 28. nóvember 2007 óskar Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsókn Félags starfsmanna Alþingis við frumvarpi til laga um kjararáð, 237. mál, úrskurðarvald ráðsins.

Með frumvarpinu er verið að fjölga þeim sem kjararáð ákveður laun og starfskjör fyrir, þ.e. bæta við ráðuneytisstjórum, skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands og forstöðumönnum ríkisstofnana.

Félag starfsmanna Alþingis hvetur til að sem flestir semji um kjör sín með beinum samningum. Hvað varðar samningsaðstöðu er rétt að benda á að skv. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hafa starfsmenn Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmenn Stjórnarráðsins ekki verkfallsrétt. Er því samningsaðstaða umrædda hópa með líkum hætti og almennra starfsmanna Alþingis og Stjórnarráðsins.

Virðingarfyllst

Ingvi Stígsson
formaður FSA